



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Ákvörðun nr. 20/2018 Synjun kröfu um endurupptöku eða afturköllun á ákvörðun nr. 10/2018

I. Erindið

Vísað er til erindis Símans hf. (Síminn), dags. 12. september 2018, þar sem krafist er að Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) endurupptaki eða afturkalli ákvörðun sína nr. 10/2018.

Krafa Símans byggir á því að ekki hafi verið tekið tillit til efniskaupa- og dreifisamninga sem Sýn hf. (Vodafone) hafi annars vegar gert við Skjáinn ehf. og hins vegar við 365 miðla ehf. Um er að ræða samninga sem PFS kallaði eftir frá Vodafone við meðferð fyrrgreinds stjórnarsýslumáls, en félagið kaus að leggja ekki fram með skýringum þar að lútandi.

Samkvæmt erindinu hefur Síminn nú aðgang að umræddum samningi milli Vodafone og Skjásins ehf., en í tilviki samnings á milli Vodafone og 365 hafi félagið upplýsingar um efni þess samnings. Telur Síminn að umræddir samningar sanni það að sú aðferðarfræði sem félagið lagði upp með í samningaviðræðum við Vodafone um aðgang að Sjónvarpi Símans Premium, þ.e. fastar lágmarksgreiðslur (e. minimum guarantee), sé óumdeild meginregla í samningum um dreifingu á sjónvarpsefni á Íslandi.

Vodafone hafi hafnað því að styðjast við þessa aðferðarfræði og því hafi ekki verið um að ræða skort á samningsvilja af hálfu Símans, eins og komist var að niðurstöðu um í ákvörðun PFS nr. 10/2018. Um þetta segir Síminn:

„Í tilvitnaðri ákvörðun PFS byggði niðurstaða stofnunarinnar um að umbj. minn hefði brotið gegn fjölmiðlalögum á því að skort hefði á samningsvilja af hans hálfu þar sem gerð hafi verið krafa um lágmarksgreiðslur í viðskiptum félaganna sem fjölmiðlaveitu og fjarskiptafyrirtæki. Var það gert á þeim grundvelli að ekki hefði tekist að sýna fram á að lágmarksgreiðslur væru eðlilegt viðmið í þess konar viðskiptum og allt eins væri eðlilegt að miða við smásölumínus aðferð. Var þessu harðlega mótmælt af umbj. mínum undir rekstri málsins og byggt á því að krafa um lágmarksgreiðslur væri málefnaleg og meginregla í samningsgerð um dreifingu sjónvarpsefnis.

Nú liggur það fyrir af hverju Sýn neitaði að veita PFS aðgang að upplýsingum um samningsgerð við 365 miðla á sínum tíma og aðra samninga félagsins hvað þetta

varðar. Eina ástæðan sem getur legið þar að baki er að koma í veg fyrir að PFS fengi það staðfest að lágmarksgreiðslur væru hið almenna samningsviðmið í samningsgerð milli fjölmiðlaveitna og fjarskiptafyrirtækja.“

II. Sjónarmið aðila

PFS gaf Vodafone tækifæri áð að gera athugasemdir við erindi Símans, auk þess sem stofnunin sá ástæðu til þess að óska eftir frekari rökstuðningi Símans fyrir kröfu sinni, auk þess að gefa félaginu kost á því að bregðast við athugasemdum Vodafone. Í köflunum hér að neðan verður leitast eftir því að gera grein fyrir sjónarmiðum aðila að því marki sem PFS telur þau hafa þýðingu við úrlausn málsins.

2.1. Sjónarmið Vodafone

Athugasemdir Vodafone bárust með bréfi dags. 5. október 2018. Að áliti Vodafone skiptir meginmáli að ákvörðun PFS nr. 10/2018 fjallaði ekki um hvor aðferðarfræðin við verðlagningu á aðgangi að Sjónvarpi Símans Premium væri réttari, en um þetta segir í bréfinu:

„Kjarni málsins er sá, að Vodafone hefur undir rekstri málsins aldrei haldið því fram að önnur hvor aðferðin (retail minus eða fastar lágmarksgreiðslur) væri algild regla. Hins vegar benti félagið á, og PFS tók undir þá ábendingu í ákvörðun sinni, að eins og á stóð í málinu, væri ómálefnalegt af Símanum að krefjast himinhárra lágmarksgreiðslna. Flóknara er það ekki.

Þá er það alrangt, sem haldið er fram í erindi Símans, að engin dæmi finnist í innlendum samningum um retail minus aðferðina. Undir rekstri málsins var bent á dæmi um innlenda samninga þar sem stuðst var við retail minus, og er óþarfi að endurtaka það hér, enda réð það engu um niðurstöðu málsins.“

Í öðru lagi bendir Vodafone á að Símanum, núverandi eiganda Skjásins ehf., sem var aðili að samningi Vodafone um sjónvarpsefnið hefði verið í lófa lagið að leggja fram umræddan samning fram í málinu á fyrri stigum. Samningurinn hafi enga þýðingu á þessu stigi.

Þá fjallar Vodafone um hvaða skilyrði þurfi að vera fyrir hendi til þess að hægt sé að verða við kröfu aðila um endurupptöku stjórnvaldsákvörðunar, sbr. eftirfarandi:

„Svo virðist sem Síminn byggi endurupptökukröfu sína á að ákvörðun PFS hafi byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik. Samkvæmt ummælum í greinargerð með frumvarpinu sem varð að stjórnsýslulögum verður að vera um að ræða upplýsingar sem byggt var á við ákvörðun málsins en ekki rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um atvik sem mjög litla þýðingu höfðu við úrlausn þess.

Séu forsendur ákvörðunar PFS greindar kemur í ljós, að PFS byggir alls ekki úrlausn sína á þeim atvikum sem Síminn heldur nú fram að hafi haft verulega þýðingu við úrlausn málsins. Með öðrum orðum hafði ágreiningur um hvort retail minus eða lágmarksgreiðslur séu meginreglur í viðskiptum af þessu tagi, og þar með samningarnir sem Síminn vísar nú til, enga eða mjög takmarkaða þýðingu við úrlausn málsins.“

2.2. Beiðni PFS um nánari rökstuðning Símans

Í ljósi þess að eftir að erindi Símans um endurupptöku eða afturköllun á ákvörðun nr. 10/2018 var komið á framfæri við PFS barst stofnuninni stefna til ógildingar á umræddri ákvörðun fyrir héraðsdómi sem þingfest var þann 9. október s.l. taldi PFS rétt að greina Símanum frá tilteknum sjónarmiðum sem varða embættismörk á milli stjórnvalda og dómastóla og leita eftir afstöðu félagsins til þeirra. Í bréfi PFS, dags. 12. október sagði eftirfarandi:

„PFS bendir á að ákvörðun stofnunarinnar nr. 10/2018, þess efnis að Síminn hafi brotið gegn 5. mgr. 45. gr. fjölmiðlagaga, hefur nú verið skotið til héraðsdóms Reykjavíkur. Meðal málgagna og málsástæðna sem hafðar eru upp í dómsmálinu eru sömu samningar og sjónarmið og endurupptöku- og afturköllunarbeiðnin byggir á. Dómsmálið er sömuleiðis milli sömu aðila og ákvörðun nr. 10/2018 tók til og varðar sama sakarefni, þ.e. hvort að Síminn hafi brotið gegn 5. mgr. 45. gr. fjölmiðlalaga.

Almenna reglan í stjórnsýslurétti er sú að stjórnvald leysir ekki úr máli á meðan mál sama efnis og milli sömu aðila er rekið á æðra stjórnsýslustigi eða fyrir dómstólum. Séu slíkar aðstæður uppi ber stjórnvaldi að vísa slíku máli frá.

Samkvæmt framangreindu hyggst PFS vísa kröfum Símans um endurupptöku eða afturköllun á ákvörðun 10/2018 frá.“

Símanum var gefinn kostur á því að gera athugasemdir við framangreinda fyrirætlun PFS og við sjónarmið Vodafone. Svarfrestur var veittur til 24. október 2018. Sérstaklega var þess óskað, teldi Síminn vera tilefni til að gera athugasemdir við fyrirætlun PFS, að félagið myndi rökstyðja að endurupptöku- og afturköllunarbeiðnin varði ekki ágreining um sama sakarefni milli sömu málsaðila og eigast við í dómsmáli nr. E-3521/2018 sem nú væri til meðferðar fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.

2.3. Frekari rökstuðningur Símans og athugasemdir við sjónarmið Vodafone

Ekkert svar barst frá Símanum innan tilskilins svarfrests. Með tilliti til þessa var Síminn minntur á að svarfresturinn væri liðinn og félaginu veittur viðbótarfrestur til 31. október 2018 til að skila inn athugasemdum, sbr. tölvupóst PFS dags. 25. október 2018. Var Símunum leiðbeint um að ef engin svör bærust PFS innan framlengds frests gæti félagið búist við því, að þeim tíma liðnum, að stofnunin myndi taka ákvörðun í málinu á grundvelli fyrirliggjandi gagna. Engin svör bárust frá Símanum innan tilskilins viðbótarfrests.

III.

Forsendur og niðurstaða

3.1. Afmörkun á efni máls

Ákvörðun PFS nr. 10/2018 varðaði ágreining um það hvort að Síminn hefði brotið gegn ákvæði 5. mgr. 45. gr. fjölmiðlalaga nr. 38/2011, sem leggur bann við því að fjölmiðlaveita beini viðskiptum viðskiptamanna sinna að tengdu fjarskiptafyrirtæki, með þeim breytingum sem félagið gerði á fyrirkomulagi sjóvarpsþjónustu sinnar.

Þann 1. október 2015 stöðvaði Síminn dreifingu ólínulegs myndefnis Sjónvarps Símans yfir kerfi Vodafone. Með ólínulegu myndefni er átt við það sem í daglegu tali er kallað spilun á myndefni eftir pöntun (VOD) s.s. tímaflakk, frelsi og leiga á myndefni. Síðan þá og þar til ákvörðun nr. 10/2018 var tekin hafði viðskiptavinum sjónvarpsþjónustu Vodafone ekki staðið

sú þjónusta til boða, eins og raunin var fyrir þann tíma. Þeir neytendur sem kusu að kaupa aðgang að ólínulegu sjónvarpsefni Símans (Sjónvarp Símans Premium) þurftu því að vera með myndlykil frá Símanum, þar sem viðkomandi efni hafði síðan þá eingöngu verið dreift yfir IPTV kerfi Símans og myndlykla Símans. Áskrift að efninu var þar með eingöngu í boði gegnum dreifikerfi Símans og þá nær eingöngu á neti Mílu, dótturfélags Símans.

Með ákvörðun um framangreindar breytingar þann 1. október 2015 var það niðurstaða PFS að Síminn hefði brotið gegn 5. mgr. 45. gr. fjölmiðlalaga nr. 38/2011. Hins vegar taldi PFS þörf á því að kanna hvort að einhver atvik eða breytingar á forsendum sem áttu sér stað eftir það tímamark, t.d. samningaviðræður Símans við Vodafone um aðgang að Sjónvarpi Símans Premium, hefðu getað leitt til þess að Síminn hefði á einhverjum tímamarki fram til töku ákvörðunarinnar verið laus undan brotinu, þ.e. ef hægt væri að sýna fram að það væri vegna háttsemi annars aðila eða vegna atvika sem væru ekki á forræði Símans að sú staða væri uppi að umrætt sjónvarpsefni væri eingöngu aðgengilegt í gegnum dreifikerfi Símans og þá nær eingöngu á neti Mílu, dótturfélags Símans.

Að mati PFS var það ein leið sem Síminn hefði getað farið til að koma í veg fyrir brot, eða þá að færa háttsemi sína aftur til samræmis við lög, að ná samningum við Vodafone um aðgang að Sjónvarpi Símans Premium. Félögin höfðu átt í viðræðum sín á milli um það, en samningar ekki tekist. Í málinu reyndi því á að leggja mat á vilja aðila til að ná samningum og hvort merkja mætti skort á samningsvilja hjá öðrum hvorum eða báðum aðilum. Hvað varðar samningaviðræður milli Símans og Vodafone um aðgang að Sjónvarpi Símans Premium var farið yfir þær með ítarlegum hætti, m.a. með því að rýna samningsgögn, samskipti aðila, tilboð sem lögð voru fram, kjör og samningsskilyrði o.fl.¹ PFS telur óþarft að rekja þá umfjöllun í lengra máli í ákvörðun þessari, en eitt af þeim atriðum sem félögin deildu um, sem varð þess mögulega valdandi að samningar tókust ekki, var hvaða aðferðarfræði ætti að styðjast við til að verðleggja aðganginn að sjónvarpsefninu. Síminn hélt því fram að byggja ætti á föstum lágmarksgreiðslum (e. minum guarantee), sem félagið fullyrti að væri meginreglan í viðskiptum sem þessum, á meðan Vodafone taldi eðlilegra að miða við smásöluafslátt (e. retail minus).

Í niðurstöðu sinni tók PFS enga afstöðu til þess hvaða aðferðafræði væri almennt lögð til grundvallar við ákvörðun um verð fyrir aðgang að sjónvarpsefni. Því taldi PFS ekki þörf á því að Vodafone legði fram samning félagsins um dreifingu á sjónvarpsefni 365 miðla ehf. og samning félagsins við Skjáinn ehf. sem byggðu verðlagningu á föstum lágmarksgreiðslum. Reyndar var það tekið fram undir meðferð málsins að ef á það myndi reyna, þ.e. hvað fælist í samningunum, yrði Vodafone að bera hallan af því, ef að í umræddum samningum væri byggt á föstum lágmarksgreiðslum.² Á þetta reyndi þó ekki þar sem það var niðurstaða PFS að fastar lágmarksgreiðslur væru ekki sanngjörn aðferð til verðlagningar við þær samningsaðstæður sem voru uppi í málinu, auk annarra skilyrða sem Síminn setti fyrir samningsgerð sem gerðu það að verkum að samningstilboð Símans var óaðgengilegt fyrir Vodafone. Um þetta var sérstaklega fjallað, sbr. tilvísun í texta á blaðsíðu 125 í ákvörðuninni:

¹ Sjá bls. 54-127 í ákvörðun PFS nr. 10/2018.

² Á blaðsíðu 98 í ákvörðuninni segir: „Með tölvupósti PFS til Símans, dags. 10. maí 2018, framsendi PFS svar Vodafone frá 8. maí sl., til Símans. Fram kom að PFS teldi ekki þörf á því að ganga sérstaklega eftir því að umræddur listi yfir erlenda efniskaupasamninga yrði afhentur. Vodafone yrði að bera hallann af því að afhenda listann ekki, enda þá hægt að byggja á því sjónarmiði Símans um að í umræddum samningum væri byggt á „minimum guarantee“ aðferðarfræði, þ.e. fyrst að ekki hefði verið sýnt fram á annað og Vodafone kysi að leggja listann ekki fram.“ [undirstrikun PFS]

„Þá ber að geta þess að krafa um „minimum guarantee“ verður að mati PFS því ómálefnalegri því fleiri sem viðskiptavinirnir eru sem Síminn hefur fengið til sín í áskrift að Sjónvarpi Símans Premium, sem flestir eru einnig viðskiptavinir Símans með Heimilispakkann. Eins og áður segir voru viðskiptavinir Símans með Sjónvarp Símans Premium orðnir um [...] í árslok 2016 og hafði þá fjölgað um [...] á því rúma ári sem leið frá því að Síminn kynnti hið nýja fyrirkomulag til sögunnar. Í dag eru þessir viðskiptavinir orðnir um [...] og hefur ekki fjölgað að ráði frá haustinu 2017. Því virðist markaður fyrir Sjónvarp Símans Premium vera orðinn vel mettaður í dag og var í raun orðinn það að miklu leyti í árslok 2016, miðað við þróunina síðan. Við þessar kringumstæður, sérstaklega þegar líða tók á árið 2016 og allar götur síðan, verður að telja að Vodafone hefði verið afar þröngur stakkur sniðinn við að tryggja nauðsynlegan fjölda áskrifenda að Sjónvarpi Símans Premium til að hafa upp í lágmarksgjald það sem Síminn var með í huga, sem Síminn að vísu opinberaði ekki fyrr en seint á árinu 2017, og þá með skilyrði á þá leið að viðskiptavinir Vodafone á kerfum GR (um [...]%) viðskiptavina Vodafone) gætu ekki nýtt sér þjónustuna. Að mati PFS gerði það skilyrði það að verkum að hið umrædda tilboð Símans var óaðgengilegt fyrir Vodafone. Með því að ganga að umræddu tilboði hefði Vodafone verið að mismuna viðskiptavinum sínum um aðgang að sjónvarpsefni eftir því hvaða fjarskiptanet væri undirliggjandi. Telur PFS að umrætt skilyrði undirstriki þann ásetning Símans að binda umrætt myndefni við net tengds fjarskiptafyrirtækis.“

PFS telur að tilvitnaður texti leiði það fram með augljósum hætti að forsendur ákvörðunar byggðu ekki á því hvað stóð eða stóð ekki í dreifisamningum Vodafone við 365 miðla ehf. og Skjáinn ehf. Niðurstaða ákvörðunarinnar er því óháð efni og tilvist umræddra samninga. Mat PFS, um skort Símans á samningsvilja, réðist af öðrum atriðum, eins og rakið er í hinum tilvitnaða texta. Að áliti PFS leiða framangreindar forsendur til þess að ákvörðun PFS nr. 10/2018 er ekki ógildanleg af þessum sökum og því breyta skilyrði fyrir afturköllun samkvæmt 25. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Því ber að hafna kröfu Símans um afturköllun ákvörðunarinnar.

Að fenginni framangreindri niðurstöðu telur PFS þó ekki vera tilefni til að leggja mat á það hvaða þýðingu það hefur, m.t.t. skilyrða fyrir endurupptöku á ákvörðuninni, samkvæmt 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, að efni umræddra samninga hafi ekki komið til skoðunar í ákvörðuninni, þar sem fyrst þarf að gæta að reglum sem lúta að embættismörkum milli stjórnvalda og dómstóla, sbr. næstu kafla.

3.2. Almenn t um embættismörk milli stjórnvalda og dómstóla

Í stjórnsýslurétti gildir sú almenna og óskráða regla að stjórnvald leysir ekki úr máli á meðan mál sama efnis og milli sömu aðila er rekið á æðra stjórnsýslustigi. Að sama skapi fjallar stjórnvald á æðra stjórnsýslustigi ekki um kærsmål, ef hið lægra setta stjórnvald hefur ákveðið að endurupptaka mál sem kæra lýtur að. Í báðum tilvikum leiðir það til þess að máli er frávísað. Þessi óskráða regla er upprunnin úr rómarrétti og nefnist *litispendens*.³

Í stjórnsýsluréttarfræðum er talið að samskonar regla eigi við þegar sama ágreiningsmál milli sömu aðila er til meðferðar hjá stjórnvaldi á sama tíma og rekið er um það dómsmål. Við þær kringumstæður er þó fremur horft til þeirrar reglu sem gildir um embættismörk milli stjórnvalda og dómstóla. Það reyndi á þessa reglu við meðferð þess máls sem lauk með ákvörðun nr.

³ Fjallað er um *litispendens* áhrif á bls. 245 í skýringarriti dr. Páls Hreinssonar við stjórnsýslulög nr. 37/1993.

10/2018 og af því tilefni aflaði PFS álitserðar frá Trausta Fannari Valssyni, dósents við lagadeild HÍ og sérfræðings í stjórnáslurétti, til að fjalla um þetta álitaefti.⁴ Að því er varðar almennt um valdmörk á milli stjórnvalda og dómstóla sagði eftirfarandi í álitserðinni:

„Við greiningu á því hvort stjórnvöld geti fjallað um og afgreitt tiltekin lagaleg álitamál á sama tíma og þau eru til umfjöllunar dómstóla reynir m.a. á réttarríkissjónarmið, þ. á m. *fyrirsjáanleika* í lagaframkvæmd, *rétt borgaranna* (og lögaðila) til að bera mál undir dómstóla og *valdmörk* dómstóla og stjórnvalda.

Um fyrsta atriðið má lýsa því svo, með einfölduðum hætti, að líkur standi til þess m.t.t. grundvallarviðmiða um réttaröryggi og fyrirsjáanleika sem nauðsynlegur er við meðferð opinbers valds, að tveir aðskildir aðilar á vegum ríkisins eigi almennt ekki að fjalla um og leysa úr sama ágreiningseftinu, sem varðar sömu málsatvikin og á sama lagagrundvelli, á sama tíma nema lög leiði til annarrar niðurstöðu. Einnig teljast fordæmi Hæstaréttar bindandi réttarheimildir en af því leiðir að stjórnvöldum ber almennt að fylgja þeim við úrlausn sambærilegra mála síðar.

Hvað varðar þátt númer tvö skiptir mestu að hafa í huga að borgararnir eiga rétt á því, sbr. 60. og 70. gr. stjórnarskrárinnar, að bera mál er varða réttindi þeirra og skyldur að lögum undir dómstóla til úrlausnar. Þegar einstakt mál hefur verið til lykta leidd af dómstólum þá eru stjórnvöld bundin af þeirri úrlausn.

Þriðji þátturinn hefur þýðingu að því leyti að stjórnarskráin gerir ráð fyrir valdmörkum milli stjórnvalda og dómstólanna, sbr. 2. gr. stjórnarskrár. Stjórnvöld framkvæma löginn en dómstólar dæma (almennt eftir á) um lögmæti stjórnarathafna og geta ákveðið réttaráhrif mögulegra annmarka á þeim athöfnum, á grundvelli kröfugerðar málsaðila og laga.“

Samkvæmt framangreindu leysir stjórnvald ekki úr ágreiningsmáli á meðan mál sama efnis og milli sömu aðila er rekið fyrir dómstólum. Við slíkar aðstæður ber stjórnvaldinu að vísa máli frá.

3.3. Sakarefti ákvörðunar PFS 10/2018 og máls héraðsdóms Reykjavíkur E-3521/2018

Eins og fram kemur í kafla 2 hér að framan hefur Síminn höfðað mál gegn PFS og þeim fjarskiptafyrirtækjum sem áttu aðild að ákvörðun stofnunarinnar nr. 10/2018, sbr. dómsmál nr. E-3521/2018. Aðalkrafa Símans er að ákvörðun PFS nr. 10/2018 verði felld úr gildi í heild sinni. Fyrir utan PFS eru þeir aðilar sem Síminn stefnir í dómsmálinu þeir sömu sem áttu aðild að ákvörðun nr. 10/2018, þ.e. Sýn hf. (Vodafone), Gagnveita Reykjavíkur ehf. og Míla ehf.

Að því virtu að téð dómsmál fjallar um ógildingu á ákvörðun nr. 10/2018 í heild sinni er ljóst að dómsmálið varðar sama málsgrundvöll, málaástandur og lagarök og voru til úrlausnar í umræddri stjórnvaldsákvörðun PFS. Jafnframt tekur dómsmálið til sömu málsatvika yfir sama tímabil og varðaði úrlausnarefti ákvörðunar nr. 10/2018. Erindi Símans um að PFS endurupptaki ákvörðun sína felur því í sér kröfu um að PFS fjalli að nýju um þann sama ágreining sem nú er til meðferðar fyrir héraðsdómstóli Reykjavíkur út frá sömu málsatvikum og forsendum og þar koma til skoðunar. Með vísan til þeirra sjónarmiða og meginreglna sem

⁴ Trausti Fannar Valsson. Álitserð, dags. 15. ágúst 2017, um frestun Póst- og fjarskiptastofnun á meðferð stjórnáslumáls á grundvelli reglna um litis pendens áhrif.

gilda í stjórnslurétti um embættismörk milli stjórnvalda og dómstóla, sbr. kafla 3.2. hér að framan, er kröfu Símans um endurupptöku ákvörðunar PFS nr. 10/2018 vísað frá.

Ákvörðunarorð

Kröfu Símans hf. um endurupptöku á ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 10/2018 er vísað frá. Kröfu Símans hf. um afturköllun á ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 10/2018 er hafnað.

Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar. Um kostnað vegna málskots fer samkvæmt 5. mgr. 13. gr. sömu laga, auk þess sem greiða ber sérstakt málskotsgjald að upphæð kr. 150.000, samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 36/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála.

Póst- og fjarskiptastofnun, 2. nóvember 2018

Björn Geirsson, f.h. forstjóra